

# Séra Sveinbjörn Ólafsson í Minneapolis áttæður

Séra Sveinbjörn Ólafsson, Methodista-prestur í Minneapolis, Minnesota, er áttæður 24. nóvember. Fæddur á þeim degi í Halakoti á Akranesi 1897, fór hann vestur 1911, en hefur fjórum sinnum heimsótt Ísland síðan, á árunum 1949, 1965, 1968 og 1975.

Haldið verður upp á merkisafmælið sunnudaginn eftir hádegi 27. nóvember, í Loring Towers, 15 East Grant Street, Minneapolis 55403, þar sem presturinn á heima. Dóttir hans og sonur standa fyrir boðinu, þar sem margir vinir og nokkrir ættingjar munu óska honum til hamingju — Nancy Lou, sem er gift Jay U. Ipsen, og er hún hjúkrunarkona og Paul James er starfar við tölvu-reikninga sem „computer programmer“ í St. Paul.

Séra Sveinbjörn missti konu sína, Maurine Elizabeth Finnegan, fyrir fáeinum árum; var hún með honum í þremur af Íslandsferðunum. Sveinbjörn hefur oft sagt kunningjum að þó að systkini hans hafi öll giftst Íslendingum, þá hafi hann fylgt fornsíðunum með því að giftast írskri. Afmælis-„barnið“ hefur lýst skemmtilega hvernig Ólafsson ættarnefnið festist við hann. Faðir hans var Jónas Íkaboðsson, fæddur á Saurstöðum í Haukadal í Dalasýslu, 14. janúar 1866; var hann sonur Íkaboðs Þorgrímssonar og Halldóru Benediktsdóttur, konu hans. Jónas fluttist til Winnipeg 1911 með fjölskyldu sína, en dó skammt þar eftir, að sumri, 1912. Anna Sveinbjörnsdóttir var ekkja þegar hún giftist Jónasi. Fyrri maður hennar hét Ólafur Arnason frá Stóra Lambhaga í Leirársvæi, og dó hann í sjóróðri 1886.

Anna var fædd í Byggjarði á Seltjarnarnesi við Reykjavík. Faðir hennar var Sveinbjörn Guðmundsson og varð hann úti 15. desember, 1854, fimm mánuðum áður en Anna fæddist. Móðir hennar var Petrína Regína Rist.

I stuttri sjálfsævisögu sem hann samdi handa fjölskyldunni segir Séra Sveinbjörn frá hálf-systkinum sínum, þau þrjú börn

Olafs og Önnu sem komust upp: „Þau voru komin til Ameríku á undan okkur og gengu, eðlilega, undir nafninu: Ólafsson. Þegar við settumst að í Winnipeg kom foreldrum mínum saman um að heppilegast væri að báðar fjölskyldurnar gengu undir sama nafni, Ólafsson. Í þessu sýndi faðir minn mikið göfuglyndi.“ Sveinbjörn hefur bætt því við að ef ættarnafnið hefði orðið Íkaboðsson, þá væri það býsna strembið, hvort heldur á Íslandi eða í Vesturheimi. Hálfbróðir Sveinbjarnar yfirgaf Ameríku eftir að hafa sest þar að. — Einar heitinn Ólafsson sem rak verzlun í mörg ár á Akranesi, sem Einar sonur hans hefur tekið við.

Sveinbjörn gekk tvö ár á Jóns Bjarnasonar skóla í Winnipeg en fluttist til Bandaríkjanna haustið 1920 og hefur átt þar heima síðan. Hann lauk B.A. prófi frá Valparaiso University í Indiana 1925 og stundaði guðfræðinám við Garrett Biblical Institute í Evanston, Illinois, þar sem hann útskrifaðist í guðfræði 1931. Strax það ár tók hann prestvígslu í Methodista-kirkjunni og hefur þjónustu-ferill hans verið eingöngu í Minnesota, nema þegar hann aðstoðaði við preststörf sem nemandi, eitt ár í Kingston, Illinois. Á þeim 46 árum sem liðið hafa síðan hann var vígður hefur hann þjónað söfnuðum á þessum stöðum í Minnisotarfki: Princeton, Thief River Falls, Duluth, Minneapolis, South St. Paul, Little Falls, og svo aftur í Minneapolis. Hann hætti föstum preststörfum 1967 en hefur prédikað og framkvæmt prestsverk mjög oft síðan, þrátt fyrir sjóndepru sem hefur háð honum síðari árin.

Orðið „ecumenical“ hefur verið mikið í tizku síðari árin í Ameríku og víða um heiminn. Það á að þýða það að halda vináttu-böndin milli trúarflokka, að efla samlyndi og auka skilning milli þeirra sem fylgja mismunandi kreddum. Það viðhorf hefur sannarlega verið einkenni Séra Sveinbjörns. Yngri Íslendingum sem hafa endilega viljað giftast



hér úti á þessum slóðum hafa fundist það gott að eiga Séra Sveinbjörn að. Hann hefur gefið saman í það minnsta sex „pör“ — á hreinni íslensku, úr lútherskri sálbábók! Hann hefur líka skírt og jarðað Íslendinga þótt þeir væru ekki í trúarflokki hans. Séra Sveinbjörn er ljúfmenni, glaðlyndur, hreinskilinn, bíður alls staðar af sér góðan þokka, og er góður ræðumaður.

Burt séð frá stólræðum, hefur Séra Sveinbjörn flutt mörg fróðleg erindi um Ísland öll þessi ár. Hann hefur samið fleiri greinar um íslensk efni á ensku. Ein var um Hallgrím Pétursson og Passiúsálmana, „Icelandic Passion Poet“, sem birtist 1956 í Lutheran Companion, lútherskt kirkjurit sem dreifist um allt landið. Þar áður var grein um íslenska menningu í tímaritinu Icelandic Canadian, sem hét „We Have a Story to Tell.“ Í því tímariti og í öðru í viðbót birtist grein eftir hann um hvað sé mikið líkt milli Gyðinga og Íslendinga. Það var sláandi það sem höfundurinn taldi upp — samheldni, sterka þjóðerniskennd, virðingu fyrir eigin forn-bókmenntum, mat á framu og menningu feðranna, og fram eftir því. Ótal margir af mismunandi uppruna eru í mikilli þakkar-skuld gagnvart Séra Sveinbirni, og ekki síst Íslendingar.

Systir Séra Sveinbjarnar, tveimur árum eldri en hann, Helga, sem giftist Jóni Arnasyni, kom frá Gimli, Manitoba, að vera víðstödd afmælishófið, og Anna dóttir hennar með. Anna er einbirni en hefur aukið kynsældina með því að eiga tíu börn sjálf. Þau eru margir, austan hafs og vestan, sem senda Séra Sveinbirni hugskæti og heillaóskir á þessum merku tímamótum.

Valdimar Björnsson.

# Afmæliskeðja

Tengdaforeldrar mínir Guðrún Guðmundsdóttir og Guðmundur Guðmundsson Bala á Stafnesi, Miðneshreppi, áttu 75 ára afmæli á þessu ári Guðrún hinn 12. júlí og Guðmundur 30. október sl.

Guðrún er fædd að Akrahól í Hvalneshverfi, Miðnesi. Foreldrar hennar voru Guðmundur Þorsteinsson og Sigurbjörg Torfadóttir, en 14 ára gömul fluttist Guðrún að Bala.

Guðmundur er fæddur að Hrauni í Grindavík, en foreldrar hans voru Guðmundur Loftsson og Guðlaug Sveinsdóttir.

Fluttist Guðmundur að Bala 1914 er hann missti móður sína. A Bala bjuggu þá Daði Jónsson og Helga Loftsdóttir, föðursystir Guðmundur. Voru þau hjón honum eins og bestu foreldrar og telur Guðmundur að það hafi verið sitt mesta happ í lífinu að vera tekinn í fóstur hjá þeim hjónum.

A þessu sést að leiðir Guðmund-

ar og Guðrúnar lágu snemma saman og fór svo að 4. júlí 1925 gengu þau í hjónaband, áttu þau því gullbrúðkaup hinn 4. júlí 1975.

A Bala hafa tengdaforeldrar mínir síðan búið að undanskildum nokkrum mánuðum, sem þau bjuggu í Keflavík, en sá atburður sem þar skeði mun ávallt skyggja á þeirra hamingjuríka hjónaband, en þá misstu þau dóttur sína Sólveigu Helgu í jólatrésbrunnum mikla, hinn 31. desember, sem mörgum Suðurnesjamönnum er minnisstæður.

Önnur börn þeirra hjóna eru: Kristmann, Sigurbjörg og Guðlaug, öll búsett í Sandgerði, Guðmundur L. og Rúnar ógiftir í Föðurhúsum, Sigurður búsettur í Keflavík og Sigrún búsett í Vögum.

Á þessum stóru tímamótum í lífi tengdaforeldra minna, er margt að minnast, og vil ég ekki fara að tíunda þeirra ágæti hér, af því ég veit að þau eru frábitin öllu hóli, og hefur þeirra líf einkennt af því að vera fær um að vera heldur gefendur en þiggjendur og veit ég að þau þakka sínum guði, því að trú þeirra er sterk til hans sem öllu ræður.

Hjónin á Bala eru aldamóta-börn alin upp við óblíða náttúru og erfitt brauðstrit, og alið hafa þau upp stóran barnahóp.

Þetta er saga fjölda fólks á þessum aldri, sem unnið glatt við sitt án streitu nútímaþjóðfélagsins. Því er það svo að þegar ég heimsæki tengdaforeldra mína út á Bala eins og við segjum, færast ávallt innri ró yfir mig eftir að hef setið þar og rabað um daginn og veginn og fundið þá gleði, sem þar ávallt ríkir.

Að lokum vil ég þakka þeim hjónum fyrir þau ár sem ég hef verið að njótandi samfylgdar þeirra og vonast ég til að eiga samfylgd þeirra mörg ökomín ár, og veit ég að undir það taka ættingjar og hinir fjölmörgu vinir.

Þakka ykkur fyrir allt og allt.

Gunnar Jónsson



## Áttæð í dag: Magnína J. Sveinsdóttir

Hér í fjarlægðinni á ég þess að sjálfsöguð engan kost að rekja ætt og uppruna frá Magnínu Sveinsdóttur, enda tel ég víst að aðrir verði til þess. Mín fáu orð túlka einungis eitthvað af því, sem hæst ber í huga mínum í sambandi við áttæðisafmæli frá Magnínu.

Á slíkum tímamótum hverfur hugurinn ósjálfrátt til liðins tíma. Í sambandi við þau hjónin Magnús Helgason, sem lézt á síðastliðnu ári, og frá Magnínu minnst ég mikils annatíma í sambandi við stofnun Hlíðardalsskólans skömmu eftir lok heimsstyrjaldarinnar. Öflun fjármagns, útvegur nauðsynlegra leyfa, byggingarefnis og alls annars, sem slíkar framkvæmdir útheimtu, var tímafrekt og erilsamt starf á þeim tíma. Allt gekk þetta samt að lokum með hjálp Guðs og margra góðra manna. Skólinn komst upp og hóf starfsemi sína sem menntastofnun á vetrum og hressingarheimili á sumrum. Allt þurfti að byggja frá grunni í beinni og yfirfærðri merkingu. Margt var því að gera og að mörgu að hyggja hér og þar.

Á þessum tíma lærði ég að meta verðmæti þess að eiga góða hauka í horni. Naut ég þess á margan veg og meðal annars þann að hafa samstarfsfólk, sem gekk sjálfkrafa og markvisst að sínum störfum og framkvæmdum þau af innri hvöt og slíkum dugnaði og myndarskap að til sóma var. Framarlega í þessum flokki voru þau hjónin Magnús Helgason og frá Magnína.

Um þessar mundir munu vera rúmlega fimmtíu ár síðan Systrafélagið Alfa var stofnað. Mikilhæf og frábær dugnaðarkona, frk. Elínborg Bjarnadóttir, var forstöðukona þess í nær 30-ár, en um langt skeið stóð frá Magnína við hlið hennar, og þegar Elínborg lét af störfum sökum heilsuþrestra, var frá Magnína sjálfkjörinn eftirmaður hennar, og því starfi gegndi hún af frábærum áhuga og dugnaði endurgjalds-laust svo lengi sem heilsa hennar entist.

Þess gerðist aldrei þörf, að eftirlit væri haft með störfum þessara kvenna. Allt gekk eins og sjálfkrafa, allt blessaðist og blómgaðist undir forystu þeirra — og frá þeim streymdu áhrif, sem örvuðu aðra til starfs og kölluðu hið bezt fram hjá hverjum og einum. Einhver tjáði mér það, að Systrafélagið Alfa hefði sett sér þau óskráðu lög, að á vinnufundum þeirra skyldi aldrei falla eitt neikvætt eða niðrandi orð um einn eða neinn. Gott og heillavænlegt leiðarmerki!

Líklegt þykir mér, að frá Magnína sé mest þekkt vegna starfs síns innan ofangreinds líknarfélags, en sem fulltrúi þess sat hún íðulega fundi annarra félagsamtaka og tók þátt í störfum þeirra. Einnig gegndi frá Magnína ýmsum öðrum trúnaðarstörfum innan safnaðar síns, og allt, sem hún tók að sér, framkvæmdi hún með röggsemi, smekkvísi og af heitum hug.

Enginn lifir langan ævidag án



þess að mæta mótlæti í ýmsum myndum. Þau hjónin Magnús og Magnína voru svo lánsöm að eiga fimm dugandi börn. Það var þeim þungbær raun, þegar yngsti sonur þeirra, Páll, fórst í flugslysi í blóma lífsins, en þá eins og oft endranær var frá Magnína eins og hjarg og miðlaði öðrum af þreki sínu og trúarvissu.

Eg er þess fullviss, að hjart muni vera yfir frá Magnínu í dag í hópi ástvina sinna. Ur mörgum áttum munu henni berast hlýjar heillaóskir og þakkir — og í huganum hverfum við hjónin og börn okkar á fund hennar með óskir um blessun Guðs og alúðarþakkar fyrir liðinn tíma.

Frú Magnína tekur á móti vinum og vandamönnum að heimili sínu Bauganesi 3, Skerjafirði, milli kl. 3 og 7 í dag.

Júlfus Guðmundsson  
Veijefjord Höjere Skole  
Danmörk.

# Romanze



Romanze — dýrindisstell frá Rosenthal. Fágað form. Því næst sem gegnsætt postulín.

Romanze er árangur margra ára þróunar í efnisblöndun og framleiðsluaðferðum. Þess vegna hefur Wiinblad og Wohlrab tekist að hanna sannkallað meistaraverk:

Romanze — dýrindisstell frá Rosenthal.

Rosen~~th~~al

A. EINARSSON & FUNK  
Laugavegi 85